



# Dönskukennsla á tímamótum

Þórhildur Oddsdóttir  
Hugvísindaping 2016



# Staðreyndir 1

- Danska er skyldugrein í grunnskólum í vestnorrænna landa Þetta eru einu löndin utan Danmerkur þar sem danska er skyldunámsgrein
- Danska sem námsgrein í vestnorrænum löndum hefur **aldrei** verið rannsökuð
- **Færeyjar**: dönskukennsla hefst í 3. bekk, námsefni er samið handa dönskum börnum
- **Ísland**: danska er skyldugrein frá 7. bekk, en sumir skólar byrja í 5. eða 6. bekk. Námsefni miðast við að danska sé erlent mál
- **Grænland**: danska er námsgrein frá byrjun skólagöngu, námsefni er gjarnan tvímála – tekstur eru samhliða á dönsku og grænlensku





## Staðreyndir 2

- Enska er fyrsta erlenda tungumálið í öllum þessum löndum
- Grænlenska er skólamálið í grunnskólanum, en danska í framhaldsskólanum
- Danska er valgrein í framhaldsskólum í Færeyjum
- Internettenging í grunnskólum er ágæt á Íslandi og í Færeyjum, en miður góð á Grænlandi
- Norðurlönd eru vettvangur fyrir nám og vinnu í augum ungs fólks á vesturnorræna svæðinu
- Í háskólum á norðurlöndum hefur kennsla í norrænum tungumálum minnkað á síðasta áratug




# Grannmál

- "TUNGUMÁL sem málsögulega er náskyld öðru tungumáli, t.d. sænska og dönska, teljast grannmál" (DDO.dk)
- *Skandinavísku tungumálin þrjú teljast grannmál, þótt hugtakið geti verið í einhverjum mæli verið misvísandi á vestursvæðunum og Finnlandi* (Lars-Olof Delsing och Katrina Lundin Åkesson)
- Færeyska og íslenska eru grannmál, líkt og danska og norska innbyrðis
- Norræn tungumál geta talist grannmál vegna skyldleika þeirra, einkum hvað snertir ritmál
- Norræn tungumál teljast erlend mál á vestursvæðunum vegna ólíks framburðar og uppruna grænlenkunnar



# Skólastofnan og tækni

Dönskustofur N= 19



ja: 100.00%

UT-aðgangur N=20



# Tölvuvæðing menntunar: Beggja handa járn!

- Kostnaður við tölvuvæðingu, (tækni, hugbúnað og tengingar) virðist aukast í réttu hlutfalli við aukin útgjöld til menntunar og keppir við önnur forgangssvið um fjármagn.
- Fjármagn sett í tölvuvæðingu skóla hefur mögulega verið á kostnað
  - fjölda kennara
  - launa kennara
  - endurmenntunar kennara
  - námsgagnagerðar
- Þegar tengsl milli fjárfestingar í UT-væðingu og frammistöðu nemenda eru vegin á vogarskálum tilkostnaðar og ágóða, er ómaksins vert að reikna inn í dæmið, glataðan ágóða af annarri nýtingu fjármagnsins, m.ö.o. það sem hagfræðingar nefna *fórnarkostnað*.



*(Students, Computers and Learning Making the Connection, 2015)*



# Óskir kennara nemendum til handa

## • Sjálfstraust og hvöt (motivation)

- Að þeir verði ekki **óstyrkir eða hræddir** ef þeir skilja ekki þegar þeir eru ávarpaðir á dönsku
- Að þeir get notað það **veganesti** sem þeir hafa til að þróa hæfni
- Að þeir geti **nýtt hæfni sína** í nýju samhengi
- Að þeir búi yfir **hvöt til að taka þátt** á norrænum vettvangi t.d. búa þar, nema, vinna
- Að þeir hafi nægt **sjálfstraust** til að nota erlenda málið
- Að nemendur séu **opnir fyrir þeim möguleikum** sem erlenda málið opnar þeim og **gefist ekki upp**



## • Samskipti /tjáskipti

- Að þeir geti átt í samskiptum við fólk sem talar málið
- Að þeir geti beðið um það sem þeir hafa þörf fyrir
- Að þeir geti sagt frá sjálfum sér
- Að þeir geti beðið aðra um að tala skýrt og umorða, ef þeir skilja ekki það sem sagt er
- Að nota erlenda málið þegar þeir ferðast um á Norðurlöndum
- Að nemendur nýtt sér hæfni í öllum fjórum færniþáttum málsins til nota í daglegu lífi





# Stærsta hindrunin í dönskukennslunni að mati kennara

## Foreldrar og skólastjórnendur

- Enginn metnaður fyrir því að láta fagkennara kenna dönsku
- Forgangsröðun skólastjórnenda að efla ensku á kostnað dönsku
- Viðhorf skólastjórnenda til dönsku sem kennslugreinar
- Viðtekin bábylja að danska sé leiðinleg og erfið



## Námsefni

- Útgefið námsefni er einhæft og einsleitt
- Útgefið námsefni hæfir aðeins (minni) hluta nemenda
- Skólastjórnendur oft ekki tilbúnir til að útvega fjölbreyttara námsefni



# Fjórir hópar kennara sem kenna dönsku

- ❖ Bekkjarkennarar sem ekki hafa fagmenntun í dönsku
- ❖ Bekkjarkennarar, sem hafa búið í Danmörku eða eiga danska forfeður
- ❖ Bekkjarkennarar, sem hafa tekið 40 ETC í dönsku
- ❖ Fagkennarar sem tekið hafa dönsku til 120 eða 180 eininga til BA-prófs, eða M-pæd./MA-próf






# „Skólastjórnendur láta ensku hafa forgang á kostnað dönsku“

1380 mínútur er ætlaðar til kennslu í erlendum tungumálum

Upplýsingar frá 92\* skólastjórnendum í september-október 2015




|       |    |
|-------|----|
| 52%   | 1  |
| 46,3% | 4  |
| 43,5% | 7  |
| 40,5% | 17 |
| 37,7% | 12 |
| 34,7% | 16 |
| 31,9% | 1  |



# Enska og danska í grunnskólanum

JÖFN SKIPTI Á TÍMAFJÖLDA  
MILLI **ENSKU** OG **DÖNSKU**

MUNUR Á MEÐALTÍMAFJÖLDA – ENSKU Í HAG






# Óskir kennara um faglega þróun

## ➤ *Formleg menntun í dönsku*

- Möguleiki á að efla kunnáttu í dönsku
- Námskeið í tungumálinu og málnotkun
- Tækifæri til að nota fullorðinsmál í meira mæli
- Talþjálfun

## ➤ *Námskeið, málstofur og ráðstefnur*

- Óskilgreind - námskeið (7)
- Málstofur um nýtt efni og nýja kennsluhætti – ekki bara að læra um notkun á spjaldtölvum





# Framboð á faglegri þróun í dag

- Málstofa með einum fyrirlesara og umræðum
- Vinnustofur þar sem kennarar miðla reynslu
- Stutt eins dags námskeið
- Fundir um málefni dönskunnar 2,5 tíma langir

## Skipulagt af

- Félagi dönskukennara
- Menntavísindasviði  
(dansk-íslenskt samvinnuverkefni)
- Danskir farkennarar

### Áhersla lögð á

Verkefni, vinnu- og skipulagsþættir

Verkefni sem virka

Öpps fyrir spjaldtölvur

Félagslegi þátturinn



# Yfir 30 dönskukennarar á leið á eftirlaun

Samkvæmt skráningum í nemendakerfi HÍ 18. nóvember 2015:

- 3 nemendur á meistarastigi í grunnskólakennaranámi sem eru með dönsku sem kjörsvið. Hver um sig verður með 80 einingar í dönsku við útskrift
- Einn nemandi er í framhaldsskólakennaranámi með BA próf í dönsku
- 9 nemendur eru í B.Ed. námi á dönskukjörsviði þar sem skipulagið gerir ráð fyrir 40e í dönsku
- 11 nemendur eru á 1. ári í B.Ed. námi í Grunnskólakennarafræði og hafa valið *Erlend mál*, en ekki er vitað hvort þeir velja ensku eða dönsku



# Óskir kennarar um stuðning

## Frá nærumhverfinu

- Virðing fyrir greininni og stuðningur frá stjórn skóla
- Skilningur á því að kennarar hafi þörf fyrir að fylgjast með því sem er að gerast á hverjum tíma í dagblöðum, vikublöðum, útvarpi, sjónvarpi o.s.frv.

## Opinber ábyrgð

- Kastljósinu verði beint að norrænum tungumálum í fjölmiðlum
- Að ábyrgir aðilar lýsi yfir pólitískum vilja
- „Drum-up“ jákvæð viðhorf






# Samræmd próf – eru þau einhver lausn?

Þarf samræmd próf til að njóti viðurkenningar hjá

- stjórnendum skóla
- foreldrum
- nemendum
- samfélaginu



Þarf samræmd próf til að nemendur útskrifist og geti

- stundað nám og vinnu á Norðurlöndunum
- fengið vinnu gegn um Nordjobb
- notið menningar í samneyti við heimamenn

Þurfum við að fara fram á að prófað verði í

- hlustun og skilningi
- lesskilningi





*Enda norræn  
mál sem*

*elítumál*

*í skólakerfinu?*

